



Oddeyrarskóli Tengja

7. tölublað
skólaárið
2014-2015

Apríl 2015

Gleðilegt sumar!

Þá er sumardagurinn fyrsti liðinn og samkvæmt dagatalinu er komið sumar hjá okkur á hér á Fróni! Veðrið sér þó til þess að vart er hægt að trúá því og höfum við þurft að draga fram vetrarúlpur og snjóboxur á ný. Við höldum þó í vonina um að snjórinn hverfi jafnhvatt og hann kom. Stutt er eftir af skólaárinu og full ástæða til að nýta tímann sem allra best til náms og leiks. Við hvetjum alla til að sinna lestrinum vel á hvaða aldri sem er og minnum á að hvatning og góð fyrirmynd foreldra skiptir miklu máli þegar kemur að lestri eins og öðru námi.

Nýverið fengum við niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins og hér í Tengjunni er nánari grein gerð fyrir þeim. Bréf var sent til allra foreldra fyrir stuttu um niðurstöður er lúta að tíðni eineltis og óskum við eftir að foreldrar hafi samband við okkur ef þeir upplifa að barnið þeirra verði fyrir einelti. Mikilvægt er að við getum átt gott samtal um þessi mál og vinnum úr því á sem farsælastan hátt.

Með kærri kveðju,

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri

Litla upplestrarkeppnin haldin í 4. bekk

Frá því í byrjun janúar hafa nemendur í 4. bekk æft af kappi fyrir litlu upplestrarkeppnina sem fram fór hér í skólanum þriðjudaginn 21. apríl. Lesin voru ljóð og smásögur eftir ýmsa höfunda og höfðu allir nemendur sitt



hlutverk. Sunna og Aron buðu einnig upp á tónlistaratriði. Nemendur tóku miklum framförum á æfingaferlinu og var gleðin við völd á æfingum.

Foreldrum var boðið á lokahátíðina sem og fræðslustjóra Akureyrar, Soffíu Vagnsdóttur, og Sigurbjörgu Rún Jónsdóttur verkefnisstjóra hjá Skóladeild.

Að upplestri loknum var svo öllum boðið í kaffi og kökur sem nemendur höfðu sjálfir bakað.



Á döfinni

14. maí: Uppstigningardagur

25. maí: Annar í hvítasunnu

26.—28. maí: Útskriftarferð
10. bekkjar

2. júní: Styrktarhlaup UNICEF
(apahlaupið)

3. júní: Ratleikur og sund

4. júní: Útileikar (nemendur í
aldursblönduðum hópum)

5. júní: SMT hátíð, dagur
með umsjónarkennara og
skólaslit.

Skólaslit 1.—7. bekkjar verða
kl. 14 föstudaginn 5. júní.



Skólaslit 8.—10.
bekkjar verða kl.
17 þann sama
dag.

Valgreinar á unglingastigi

Nú í lok apríl völdu nemendur í 7., 8. og 9. bekk sér valgreinar fyrir næsta vetur. Nemendur í verðandi 8. bekk fá að velja sér þrjár greinar og nemendur í 9. og 10. bekk fjórar. Ein þessara valgreina verður að vera list- eða verkgrein. Framboðið er fjölbreytt og munar þar miklu, eins og mörg undanfarin ár, að grunnskólarnir á Akureyri bjóða sameiginlega upp á töliverðan fjölda valgreina. Einnig geta nemendur fengið annað nám eða félagsstarf sem þeir stunda utan skólans metið og er það þá alfarið á ábyrgð nemendanna sjálfra og foreldra að því sé vel sinnt. Ekki er víst að hægt verði að verða við óskum allra nemenda. Greinar geta fallið niður vegna lítillar þátttöku eða annarra ófyrirséðra orsaka. Einnig getur komið fyrir að fleiri sækja í greinar en hægt er að koma að. Um leið og nemendur hafa skilað inn valblöðum sínum hefst vinna við að raða



nemendum í greinar og vonir standa til að nemendur geti fengið upplýsingar fyrir skólalok um hvaða valgreinar þeir fari í næsta vetur. Á heimasíðu skólans má sjá nánari upplýsingar um þær valgreinar sem eru í boði.

Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins



Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins 2015 liggja nú fyrir. Svarhlutfall var 81% og eru niðurstöðurnar því samanburðarhæfar við niðurstöður annarra skóla. Könnunin skiptist í 6 hluta; nám og kennsla, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf, heimastuðning og opin svör.

Nám og kennsla: Foreldrar barna í Oddeyrarskóla eru ánægðari með nám og kennslu í skólanum en foreldrar annarra barna á landinu og til muna ánægðari en í könnuninni síðasta vetur. Fleiri foreldrar telja að börnin þeirra séu að fá hæfilega þungt námsefni núna en í síðustu könnun og hið sama má segja um agamál, foreldrar telja meiri aga núna en síðast.

Velferð nemenda: Foreldrar meta það svo að börnum þeirra líði betur skólanum í vetur en í fyrra, þó ekki sé marktækur munur miðað við landsmeðaltal. Aftur á móti telja fleiri foreldrar að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í vetur en í fyrra. Aðeins fimm foreldrar töldu að barnið þeirra hefði orðið fyrir einelti í fyrra en 22 foreldrar telja svo vera í ár. Þetta er mjög mikil breyting á milli ára og hefur forvarnarráð gegn einelti tekið málið til athugunar. Í þessu samhengi er vert að nefna að engin mál hafa borist inn á borð forvarnarteymis þetta skólaár.

Aðstaða og þjónusta: Í þessum hluta kemur fram að foreldrar í skólanum eru marktækt ánægðari með tólmstundaþjónustu/ frístundaheimili en landsmeðaltal segir til um.

Foreldrasamstarf: Í þessum hluta víkja nokkrir þættir marktækt jákvætt frá landsmeðaltali. Þeir lúta að frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, áhrifum foreldra á ákvarðanir, þátttöku foreldra í gerð námsáætlana og ánægju foreldra með heimasíðu skólans.

Heimastuðningur: Foreldrar barna í Oddeyrarskóla hafa minni trú á eigin getu til að hjálpa börnunum sínum með námið heldur en foreldrar annarra barna á landinu og er munurinn marktækur.

Í opnum svörum þar sem foreldrar eru spurðir að því hvað þeim finnst gott við skólann er áberandi að foreldrum finnst viðmót starfsfólks gott og fámennið jákvætt. Aftur á móti þegar foreldrar eru spurðir um hvað þeim finnst slæmt við skólann er ekkert ákveðið sem er áberandi.